



Biskup Íslands

Reykjavík 25. febrúar 2022

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
Sóknarnefndum og útfararstjórum

Kæra samstarfsfólk

Afléttingar

Samkvæmt frétt á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins er öllum takmörkunum vegna heimsfaraldursins aflétt innanlands sem og á landamærunum. Sjá nánar hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/02/23/COVID-19-Afletting-allra-takmarkana-innanlands-og-a-landamaerum/>

Eftir sem áður er gott að huga að sóttvörnum með handþvotti og að spritt sé aðgengilegt í kirkjum og safnaðarheimilum.

Frá og með sunnudeginum 27. febrúar mega altarisgöngur fara fram í kirkjum landsins.

Úkraína

Eins og fréttir herma hafa Rússar gert innrás í Úkraínu. Það er fyrirbænaþefni að almennir borgarar bjargist og fái styrk til að búa í hersetnu landi. Það er einnig fyrirbænaþefni að stríð brjótist ekki út á fleiri stöðum í álfunni. Það er líka fyrirbænaþefni að þau öll sem búa við ófrið og óréttlæti fá notið friðar og réttlætis. Munum eftir náunga okkar sem líður fyrir stríðið. Biðjum sérstaklega fyrir þeim í messum sunnudagsins. Sameinumst í bæn fyrir friði.

Tökum einnig þátt í rafrænni bænastund fjögurra kristinna heimssambanda trúfélaga n.k. miðvikudag, á öskudaginn 2. mars, en nánar má lesa um þá bænastund á kirkjan.is, <https://kirkjan.is/frettir/frett/2022/02/24/Erlend-frett-Fridur-verdur-ad-rikja/>

Síðastliðin tvö ár höfum við lifað í óvenjulegu ástandi. Ég bið þess að okkur gangi vel að fóta okkur í haftalausum samfélagi og að kirkjulífið eflist og dafni.

Með bæn um blessun Guðs

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Almenn bæn:

Drottinn Guð. Þú býður okkur að vera verkfæri friðar þíns. Lát okkur minnast bræðra okkar og systra sem búa við ófrið og óöryggi. Í dag minnumst við sérstaklega fólksins í Úkraníu sem líður fyrir stríðsátök í landi sínu. Vertu með þeim öllum og gefðu þeim styrk til að lifa. Vertu með þeim sem ákveðið hafa að flýja landið sitt í von um að geta lifað í friði og þar sem réttlæti ríkir. Gef að ráðamenn heimsins láti sérhagsmuni ekki ráða för heldur komi þeim til hjálpar sem hjálpar eru þurfi og taki höndum saman um að stöðva stríð og vinna að friði. Við biðjum um réttlæti og frið til handa öllum jarðarbúum sem og allri sköpun þinni, náttúrunni og alls sem lifir. Breyttu böli í blessun Drottinn Guð mannkyni til heilla og lífs. Lát hið góða sigra hið illa. Lát okkur mynda skjaldborg um hið góða þannig að hið illa fái ekki þrifist, fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Bæn 13 í handbók: Fyrir friði: Almáttugi Guð og ástríki faðir. Leið þjóðir heims á brautir réttlætis og sannleika og set þann frið, sem er ávöxtur réttlætisins, svo að heimur vor megi bera mynd þína, sem ert skapari vor. Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.